

Sp.

## 113. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlög eru spegilmynd þeirrar stefnu, sem á hverjum tíma er fylgt í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Þetta fjárlagafrv. ber glögg einkenni þeirrar stefnu, er ríkisstjórnin hefur fylgt dyggilega á valdatíma sínum, það er dýrtíðin og aftur dýrtíðin, sem setur sinn svip á fjárlagafrv. Ríkisstjórnin tók í sínar hendur, með breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, stjórn á peningamálum og bankamálum þjóðarinnar, og með þeim ráðstöfunum, sem hún hefur látið stjórn Seðlabankans gera með sparifjárbindingunni, vaxtahækkuninni og styttingu á lántíma fjárfestingalána, hefur hún sýnt stefnu sína í framkvæmd.

Ríkisstjórnin hefur tvö síðustu árin, þ. e. árin 1964—1965, svo að segja staðið sjálf í beinum samningum við verkalýðsfélögin um kaup og kjör félagsmanna þeirra. Hún ákvað sildarverðið á s. l. sumri og stóð að samningum við útgerðarmenn um fiskverðið. Og nú s. l. haust var landbúnaðarverðið einnig ákveðið af stjórnskipaðri nefnd.

Ríkisstjórnin hefur því haft í sínum höndum þau atriði, er efnahagsmál þjóðarinnar hvíla á, þ. e.: fjármál ríkissjóðs, stjórn banka og peningamála, kaupgjald og verðlagsmál.

Allt stjórnartímabil núverandi valdhafa hefur árferði verið með eindæmum gott, aflabrögð og framleiðsla meiri en nokkru sinni fyrr. Ríkistekjur hafa verið í samræmi við þetta góða árferði og farið langt fram úr áætlun, og það svo, að samantlagt hafa ríkistekjur farið 1021 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga síðustu fimm árin.

Það er ljóst af því, sem hér hefur verið fram tekið, að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur getað notið sín. Ríkisstjórnin hefur því ekki við neinu að sakast nema sjálfa sig um, hvernig farið hefur um stjórn hennar í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir, hvernig fjármálum ríkisins er nú komið.

Þrátt fyrir það, þó að tekjur ríkissjóðs færu 313 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga 1964, varð halli hjá ríkissjóði á rekstrarreikningi og eignahreyfingum 256 millj. kr. og greiðsluhalli 220 millj. kr. á því ári. Það er að vísu augljóst við athugun á ríkisreikningum fyrri ára, að sparnaðarfyrirheit ríkisstjórnarinnar höfðu gleymzt, er til framkvæmda átti að koma, og „hagsýslan“ aðeins orðið til að auka útgjöld ríkissjóðs, en ekki til sparnaðar. Það veldur þó ekki því, hvernig komið er um fjárhag ríkisins, heldur dýrtíðin, sem ríkisstjórnin hefur magnað ár frá ári með ofsköttun og stjórnleysi á fjárfestingu og á vinnumarkaðinum.

Ríkissjóður, sem bjó að 458 millj. kr. greiðsluafgangi frá fjórum síðustu árum, var orðinn skuldugur við Seðlabanka Íslands um 220 millj. í árslok 1964, og lítið útlit er fyrir bata hjá ríkissjóði á stöðunni hjá Seðlabankanum á þessu ári. Hvernig tók ríkisstjórnin á þessum vanda? Þegar hún birti þjóðinni stefnuýfirlýsingu sína um afgreiðslu fjárlaga í fjárlagaræðu 1960, þá var meðal annars þannig komið að orði:

„Og það ætla ég, að allir góðir Íslendingar séu sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa sívökult auga á öllu því, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni.“

Það hefði mátt ætla ríkisstjórninni, að hún tæki þessa rykföllnu yfirlýsingu af hillunni og kynnti sér það, er til sparnaðar mætti horfa í ríkisrekstrinum, t. d. með því að draga úr ferðakostnaði ráðherra, embættismanna og sendinefnda. Þessi sparnaður hefði átt að vera henni nærtækur. En svo reyndist ekki, heldur ákvað hún að lækka fjárveitingu til að byggja sjúkrahús, skóla, hafnir, raflagnir og vegi og til fleiri verklegra framkvæmda um 20%. Það voru hennar viðbrögð við vand-

anum. Þau eru í fullu samræmi við útbenslu og eyðslu hennar í ríkisrekstrinum og það ráðleysi, sem fá dæmi munu vera til um, að etnar séu upp fyrningar í mesta góðæri, er um getur í sögu þjóðarinnar.

Það hefði verið eðlilegt, þegar ríkisstjórnin undirbjó fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir til afgreiðslu, að hún hefði reynt að gera sér grein fyrir vandanum og snúa sér að meininu sjálfu, dýrtíðinni, og takast með festu á við hana og auk þess að sýna einhverja viðleitni til sparnaðar í ríkisrekstrinum. En því fer viðs fjarri, að svo sé. Fjárlagafrv. fyrir árið 1966 ber öll einkenni fyrri fjárlagafrv. þessarar valdasamsteypu, svo sem:

Það er hærra en nokkru sinni fyrr.

Nýjum sköttum er bætt ofan á þá, sem fyrir eru.

Minna varið til uppbyggingar en áður.

Hærrí rekstrarkostnaður og eyðsla.

Útgjöld samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi munu verða um 4 milljarðar, er til framkvæmda kemur, og er þó engu varið til vegamála, eins og síðar verður að vikið. Hækkun fjárlaga er orðin 4—5-föld frá 1958 og nærri þreföld frá 1960. Nýjar álögur í sambandi við fjárlögin verða um 230 millj. kr., og hafa því skattar og tollar hækkað um 380% síðan 1958, og þetta gerist á sama tíma sem fjárveitingar til verklegra framkvæmda lækka hlutfallslega ár frá ári og nú í krónutölu, eins og síðar verður að vikið. Fjárlagafrv. greinir þó ekki frá öllum hækkunum, sem í vændum eru og raunverulega hanga þó á spýtum.

Samkvæmt upplýsingum, er póst- og símamálastjóri veitti fjárveitinganefnd, vantar, að hans dómi, a. m. k. 60 millj. kr., svo að póstur og sími verði rekinn hallalaust á næsta ári, þó að verulega verði dregið úr uppbyggingu þeirri, er Landssíminn hefur haldið uppi, og verður að halda áfram, ef starfsemi stofnunarinnar á að verða með eðlilegum hætti. Þessar upplýsingar þýða það, að stofnunin verður að hækka gjaldskrá sína. Sömu sögu er að segja af rekstri Ríkisútvarpsins. Þar verður að hækka gjaldskrána, ef stofnunin á að vera rekin hallalaust á næsta ári. Þannig sagnar dýrtíðin til sín og eyðir þeim möguleikum, er stofnanirnar höfðu til sáemilegrar afkomu, og ráðstafanirnar til bjargar þeim verða svo til að auka hraða dýrtíðarhjólans.

Hvernig er tekið á nauðsynlegum verkefnum með þessu fjárlagafrumvarpi? Skal hér gerð grein fyrir því.

Afgreiðsla á fjárveitingum til stofnkostnaðar skóla er látin bíða til þriðju umræðu, svo að ekki er enn þá vonlaust, að einhver leiðrétting verði á þeim málum. En eins og málin standa nú, vantar 58 millj. kr., til þess að fjárveiting til þeirra skóla, sem eru í byggingu, verði hliðstæð því, sem verið hefur á fjárlögum um nokkurra ára bil, þ. e. að áætlaður stofnkostnaður verði greiddur á fimm árum, svo sem lög mæla fyrir, og leiðréttingar og verðhækkningar, sem þekktar eru, á þremur árum. Það er augljóst, hvaða ástand það skapar hjá sveitarfélögum landsins, er að þessum byggingum standa, ef 5 ára greiðslufyrirheiti verða enn skorin niður um 20% og engar leiðréttingar gerðar, svo sem nú horfir, og þar við bætist, að veita á aðeins 6.5 millj. kr. til nýrra barnaskólabygginga og 4.8 millj. kr. til nýrra gagnfræðaskóla. Þessar fjárveitingar þýða það, að hægt verður að samþykkja fjárveitingu til að hefja byggingu þriggja barnaskóla og einnar skólastjóraíbúðar, af þeim 25 framkvæmdum í barnaskólum, er umsóknir liggja fyrir um. Þar við bætist, að samkvæmt stjórnarboði er ekki farið að hefja 25 framkvæmdir í barnaskólum, sem Alþingi hefur þó samþykkt fjárveitingar til og forráðamenn heima í héruðum hafa sótt fast á að fá að hefja. Sést á þessu yfirliti, á hverjum stendur um það að koma skólaframkvæmdum í samræmi við þörf og kröfur nútímans. Þar liggur hlutur ríkissjóðs eftir, og horfa þessi mál verr nú en áður hefur verið. Sama er um gagnfræðaskóla og héraðsskóla að segja og um barnaskólana, ástandið er þar mjög svipað.

Til þess að útgerð landsmanna geti færzt í aukana og flotanum bætt stærri og stærri skip, þurfa hafnarframkvæmdir að fylgjast með þessari þróun. Hvernig stendur ríkisstjórnin um fjárveitingar til þessara framkvæmda? Þannig, að fjár-

veitingar eru lækkaðar um ca. 15—20% frá fjárlögum þessa árs. Til hvers leiðir þetta?

Ríkissjóður skuldaði að sinum hluta til hafnarframkvæmda 24 millj. kr. í árslok 1964, en kemur til með að skulda ca. 60 millj. kr. í árslok 1966 samkv. yfirliti vita- og hafnarmálastjóra.

Flugmálin eru eitt af óskamálum þjóðarinnar. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að standa að þeim á næsta ári? Flugmálastjóri upplýsti, að búið er að vinna fyrir 10 millj. kr. af fjárveitingu næsta árs. Þá eru eftir til framkvæmda á árinu 1966 4.580 millj. kr. En auk þessa eru svo felldir niður á 13. gr. fjárlagafrv. til Reykjavíkurflugvallar liðirnir: endurbætur og lenging flugbrauta og malbikun flugbrauta 3.3 millj. kr., og talið er, að það eigi að greiðast af fjárveitingum á 20. gr., svo að þá eru eftir 1.3 millj. kr. til framkvæmda í öllum flugvöllum landsins. Augljóst er, að Íslendingar hefðu ekki náð þeim árangri í flugmálum, sem raun ber vitni um, ef ráðamenn þjóðarinnar hefðu ekki sýnt meiri skilning á nauðsyn flugsins í okkar samgöngu- og atvinnulífi en hér er gert.

Fjárveiting til framkvæmda í rafvæðingu við lagningu út um sveitir landsins er lækkuð um 20% frá núgildandi fjárlögum, þrátt fyrir brýna nauðsyn og þann geysihuga, sem fólkið úti um landsbyggðina sýnir á rafveituf framkvæmdum. Þetta er gert jafnhliða því, að lagður er 40 millj. kr. skattur á rafmagnsverðið. Að jarðhitasjóðnum er þannig búið með fjárveitingu, að hann getur ekki tekið að sér neinar jarðboranir á næsta ári, aðeins sinnt litils háttar rannsóknum, að því er raforkumálastjóri upplýsti í viðtali við fjárveitinganefnd.

Það tekur svo steininn úr, að felldar eru niður af 13. gr. fjárlagafrv. þær 47 millj. kr., sem veittar voru til vegamála samkvæmt fjárlögum. Munu þetta verða fyrstu fjárlögin í sögu Íslenzku þjóðarinnar, þar sem engin fjárveiting er til framkvæmda í þjóðvegum.

Þegar ríkisútgjöldin voru um 900 millj. kr., eins og þau urðu 1958, var hægt að veita til vegamála 83 millj. En nú, þegar þau verða um 4 milljarðar, er svo komið, að ekki er hægt að sjá af einum eyri til þjóðvega landsins. Þar fann ríkisstjórnin leið til að spara útgjöld ríkissjóðs, ekki skortir hugkvæmni á þeim bæ.

Hér hefur þó ekki verið sagt allt, er þetta mál varðar. Þegar vegalögin voru afgreidd á Alþingi fyrir tveimur árum, varð samkomulag um þá afgreiðslu. Með þeim voru þó lagðar á þjóðina 100 millj. kr. í nýjum sköttum. Ástæðan til þessa samkomulags var sú, að þingmenn töldu, sem rétt var, að svo brýna nauðsyn bæri til stóráttaka í vegamálum, að þetta yrði að gera. Fjárveiting samkvæmt fjárlögum var þá ákveðin 47 millj. kr. Nokkrar umræður urðu um það, hvort tryggt væri, að þessi fjárveiting yrði ekki skert, og vildu sumir, að það yrði bundið í lögum, hver hún ætti að vera. Samgöngumálaráðherra, sem að sjálfsögðu stóð fyrir þessu samkomulagi af hálfu ríkisstjórnarinnar, staðfesti það, að þessi fjárveiting yrði ekki skert eða felld niður, m. a. með þessari yfirlýsingu: „Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkisframlag til veganna verði lækkað, það er alveg útilokað.“ Þetta sagði ráðherrann í þingræðu hinn 17. des. 1963.

Samkomulagið um vegalögin byggðist á því, að þetta væri tryggt. En hverjar eru efndirnar hjá ríkisstjórninni? Á árinu 1965 var þetta framlag skert um 20%, og nú á að fella það algerlega niður. Við það verður ekki unað og því ekki trúað, að samgöngumálaráðherra láti fara þannig með sig, að ekki verði staðið við það samkomulag, sem hann hefur gert við stjórnarandstöðuna. Það mun verða okkar eina brtt. að þessu sinni, að þessi fjárveiting verði tekin upp.

Eitt dæmi viljum við tilgreina enn um framlag á fjárlagafrv. til nauðsynjamála. Íþróttakennaraskóli Íslands hefur um langt árabil sótt um að mega byggja heimavistarhús, þar sem skólinn er í algeru húsnaðishraki og verður að láta nemendur sína búa í vinnuskúr. Á fjárlögum ársins 1963 fékk skólinn 500 þús. kr. fjárveitingu og 700 þús. kr. á árinu 1964. Var verkið þá hafið samkvæmt leyfi ráð-

herra og kjallari steypur, mótatimbur var þá keypt til að steypa húsið upp. Farið var fram á 2.5 millj. kr. fjárveitingu 1965 til að gera húsið fokhelt. Því var synjað og fjárveitingin lækkuð með 20% niðurskurði í 560 þús., og tillaga er um sömu upphæð nú. Með því að hækka fjárveitingu um 1.5 millj. kr. væri hægt að leysa þetta mál. Það er ekki slík reisin yfir þessari fjárlagaafgreiðslu, að á 4 milljarða greiðslubálki þess sé rúm fyrir 2 millj. kr. vegna menntunar íþróttakennara á Íslandi.

Rétt þykir okkur að gera grein fyrir því, hvernig þróun í útgjöldum fjárlagafrv. er. Skulu hér nefnd örfá dæmi til að sýna, hvert stefnir: Til ríkisstjórnarinnar hækkar um 14 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum og hefur hækkað um 230% frá 1958. Kostnaður við álagningu og innheimtu skatta og tolla hækkar um 16 millj. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur hefur nærri fjórfaldast, síðan breytingin til „sparnaðar“ var gerð með stofnun skattstofanna. Fjárveiting til niðurgreiðslu hefur hækkað um 385% síðan 1958. Getur þjóðin af því séð, hvort það sé ofsögum sagt, að dýrtíðin setji heildarsvipinn á fjárlagafrv. fyrir árið 1966.

Í nefndaráli okkar hér að framan höfum við sýnt fram á, hvernig stefna ríkisstjórnarinnar, dýrtíðarstefnan, hefur leikið fjárhag ríkissjóðs. Hann er nú rekinn með halla, og þær framkvæmdir, sem áður voru greiddar jafnarðan af tekjum hans, svo sem vegagerð, eru nú greiddar með lánsfé, sbr. Keflavíkurvegin o. fl., og tafið fyrir öðrum nauðsynlegum framkvæmdum, svo sem skólabyggingum, sem Alþingi hefur þó veitt fé til og samþykkt að hafnar yrðu framkvæmdir við.

Við höfum hér í nefndaráli okkar skýrt frá því, að við flytjum ekki brtt. við fjárlagafrv. við 2. umræðu þess, aðrar en þá einu, að staðið verði við samkomulag um fjárveitingu ríkissjóðs til vegaf framkvæmda, sem við höfum þegar greint frá. Það er þó venja, að stjórnarandstaða flytji nauðsynlegar breytingartilögur við afgreiðslu fjárlaga. Þörf var á því nú, ekki sízt þegar það er haft í huga, hvernig að þeim málaflökkum er búð, er til framfara horfa, svo sem við höfum greint í nefndaráli okkar, og svo er um aðra málaflökka, þó að frekari grein verði ekki gerð fyrir þeim hér. Ástæðan fyrir þessari afstöðu okkar nú er það ástand, er ríkir um fjárhag ríkissjóðs, þó að það sé undrunarefni, að svo geti verið í slíku góðæri er nú ríkir.

Við viljum taka það fram og undirstrika, að við viljum ekki standa að fjárlagaafgreiðslu með halla á ríkisrekstrinum, og skulum engu um það spá, hvort þetta fjárlagafrv. tryggir það.

Það eitt, sem skiptir máli um afkomu ríkissjóðs, er stefnubreyting hjá þeim, sem málefnum þjóðarinnar stjórna, þar sem horfið yrði frá þeirri ofsköttun, sem nú er ríkjandi, svo að segja má, að nýr skattur fylgi hverju máli. Þessi ofsköttunarstefna ásamt algeru stjórnleysi á fjárfestingarmálum er rótin að þeirri dýrtíð, sem nú er að grafa undan grunni efnahagslífsins, svo sem sýnt hefur verið fram á um ríkisfjármálin. Á næsta leiti er úrskurður kjaradóms um laun opinberra starfsmanna, sem litlar líkur eru til annars en eigi eftir að hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs og e. t. v. á efnahagslífið í landinu. Kröfur útgerðarmanna um hækkað fiskverð og síðar frystihúsanna um þeirra rekstur eru allar óleystar, og enginn afgangur hjá ríkissjóði til að mæta þeim. Er af þessu ljóst, að ríkisstjórnin ræður ekki við vandann, svo sem komið hefur í ljós undanfarandi ár. Hún mun þó sem fyrr reyna að halda sér í ráðherrastólunum og leggja nýjan skatt á hér og annan þar, og þannig tina saman 50 millj. kr. hér, 25 þar og 22 millj. í þriðja staðnum, svo sem gert er nú við þessa fjárlagaafgreiðslu. En allt er þetta unnið fyrir gýg. Dýrtíðin krefst af stjórnarherrunum 50 millj. kr. á næsta ári, þar sem 30 millj. dugðu á þessu ári. Aðeins baráttan við vandamálið sjálft, dýrtíðina, hefur þýðingu. Til þess verður að endurskipuleggja rekstur ríkissjóðs, draga úr rekstrarkostnaði, þar sem því verður við komið. Og það, sem mestu varðar þó, er, að velja verður verkefni eftir gildi þeirra fyrir þjóðarbúið í heild. Öllum má vera ljóst, að verkefni verða ekki öll leyst í einu. Í kapphlaupi því, er nú á sér stað, fer svo sem nú, að

þau verkefni troðast undir, er í fremstu röð þurfa að vera, svo sem skólabyggingar, hafnir, vegir o. fl. Til þess að skipulag megi komast á í framkvæmd þjóðmálanna, þurfa þeir, sem siglt hafa fjármálum ríkisins á grynningar í góðviðri og heiðríkju, að láta af völdum. Þeir hafa nú þegar sannað getuleysi sitt til að stjórna fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar, enda getur þjóðin ekki treyst þeim fyrir fjármálum sínum, er standa fyrir hallarekstri, þegar tekjur fara hundruð milljónir króna fram úr áætlun fjárlaga, eins og átti sér stað 1964. Baráttuna við dýrtíðina verður að fela þeim, er þegar hafa áttað sig á því, að þar er meinsemdina að finna í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar. Því fyrr sem þjóðin kemur því í verk að leysa núverandi valdhafa úr valdastólum, því betra.

Að lokum viljum við taka fram, að við höfum gert svofelldan fyrirvara um aðild okkar að þeim tillögum, sem fluttar eru af nefndinni og meiri hluti gerir grein fyrir:

„Fulltrúar Framsóknarflokksins og fulltrúi Alþýðubandalagsins vilja taka fram, að breytingartillögur þær, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóta ekki allrar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins.“

Alþingi, 28. nóv. 1965.

Halldór E. Sigurðsson,  
frsm.

Halldór Ásgrímsson.

Ingvar Gíslason.